

Svæðisráð Austursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs

2. fundur

haldinn í fundarsal Fljótsdalshéraðs að Lyngási, 10. október 2007

Mættir: Eiríkur Björn Björgvinsson, Björn Ármann Ólafsson, Magnhildur Björnsdóttir, Skúli Björn Gunnarsson, Skarphéðinn G. Þórisson og Þórhallur Þorsteinsson.

Dagskrá:

- 1. Fundargerð 1. fundar stjórnar Vatnajökulspjóðgarðs**
- 2. Næstu verkefni svæðisráðs, svæðis 2**
- 3. Skipulag skoðunarferðar um svæði þjóðgarðsins**
- 4. Fundartímar ráðsins**
- 5. Önnur mál**

Formaður setti fundinn kl. 17.00 og gengið var til dagskrár.

Byrjað var á að undirrita fundargerð síðasta fundar svæðisráðs.

1. Fundargerð 1. fundar stjórnar Vatnajökulspjóðgarðs

Formaður lagði fram fundargerð 1. fundar stjórnar Vatnajökulspjóðgarðs og fór yfir hana lið fyrir lið.

Eitt af því sem umræður urðu um var staðsetning þjóðgarðsmiðstöðvar á Skriðuklaustri og samþykkti svæðisráð eftirfarandi bókun í því sambandi: Svæðisráð Austursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs beinir því til Fljótsdalshrepps að hefja hið fyrsta undirbúning vegna breytinga á aðalskipulagi og gerðar deiliskipulags á því svæði sem til greina kemur fyrir 550-600 fermetra gestastofu (þjóðgarðsmiðstöð) á Skriðuklaustri ásamt nauðsynlegri lóð.

Næsti fundur stjórnar Vatnajökulspjóðgarðs verður haldinn að Skriðuklaustri 23. október og er svæðisráð Austursvæðis boðað á fundinn kl. 10.

2. Næstu verkefni svæðisráðs, svæðis 2

Þórhallur lagði fram bréf, dags. 9. okt. 2007, sem ferðafélög er eiga skála innan fyrirhugaðra þjóðgarðsmarkna, afhentu umhverfissráðherra á fundi sem einnig sátu formaður stjórnar þjóðgarðsins og ráðuneytistjóri. Í bréfinu er óskað eftir viðræðum við umhverfissráðuneytið og stjórnir Vatnajökulspjóðgarðs um þjónustusamninga vegna landvarðastöðva.

Samþykkt að taka þetta mál upp á fundi svæðisráðs með yfirstjórn þann 23. október sem og hvernig haga eigi vinnu við gerð verndaráætlana.

Næstu verkefni svæðisráðs eru þessi helst:

- reglugerðarvinna
- gerð verndaráætlana
- gerð rekstraráætlunar fyrir 2008

- þjónustusamningar og uppbygging landvörslustöðva
- gestastofa

3. Skipulag skoðunarferðar um svæði þjóðgarðsins

Málinu frestað.

4. Fundartímar ráðsins

Samþykkt að næsti fundur svæðisráðs verði 22. október kl. 20.00.

5. Önnur mál

Formaður sýndi fundarmönnum mastersritgerð Kristveigar Sigurðardóttur um skipulag Vatnajökulsþjóðgarðs. Hann mun senda svæðisráðinu veffang að ritgerðinni í tölvupósti.

Formaður sagði frá fyrirhugaðri ferð sinni á alþjóðlega ráðstefnu um málefni þjóðgarða í Austin í Texas.

Fleira ekki rætt og formaður sleit fundi kl. 18.00.

Skúli Björn Gunnarsson ritaði fundargerð

Eiríkur Björn Björgvinsson

Björn Ármann Ólafsson

Magnhildur Björnsdóttir

Þórhallur Þorsteinsson

Skarphéðinn G. Þórisson